

Galtalækjarskógur og Merkihvoll í Rangárþingi ytra

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Hulda Björk Krasniqi, Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir





Kort 1. Skráningarsvæðið er blái punkturinn á kortinu

Forsíðumynd: Tóftir Stóruháusa [241] og [242]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Indriði Skarphéðinsson

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-53-6

Verkefnanúmer MÍ: 3306

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundi nema annars sé getið

© Antikva ehf., Rúna K. Tetzschner, Hulda Björk Krasniqi og Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	6
Fornleifaskráning	6
Skráningarsvæðið	6
Tilgangur fornleifaskráningar	8
Fornleifaskráning og aðferðir	12
Minjanúmer	12
Tegund, hlutverk og heiti	13
Staðsetning	13
Staðhættir og lýsing	13
Hættumat	13
Mótvægisáðgerðir	14
Fornleifar á svæðinu	14
Galtarlækjarskógur og Merkiðvoll	15
Galtarlækur	15
Merkiðvoll – Mörk	15
Stóruhús [3306-241] og [3306-242] beitarhús með hlöðu	17
Fjárborg [3306-243] heimild	20
Óþekkt [3306-244] tóft	21
Varða [3306-245] samgöngubót	23
Varða [3306-246] samgöngubót	24

Varða [3306-247] samgöngubót	25
Varða [3306-248] samgöngubót	26
Leið [3306-252] gata	26
Varða [3306-249] óþekkt.....	27
Varða [3306-250] kennimark	28
Rétt [3306-251] heimild	29
Samantekt og niðurstöður.....	31
Heimildir	33
Árnastofnun – Örnefnasafn	34

Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarform í Bláskógabyggð á Suðurlandi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.....	11
Mynd 2. Stóruhús, Galtalækur. Loftmynd af hlöðu [3306-241] og beitarhúsi [3306-242].	18
Mynd 3. Stóruhús. Horft til norðausturs á hlaðinn vegg með tilhöggnu grjóti í fremra hólfi beitarhússins [3306-242]. Ofan á eru bárujárnsleifar.....	19
Mynd 4. Rotþró þar sem áður gæti hafa verið fjárskýli [3306-243].	20
Mynd 5. Drónamynd af áður óþekktri tóft [3306-244].	21
Mynd 6. Drónamynd af minjum í Galtalækjarskógi.	22
Mynd 7. Varða [3306-245].....	23

Mynd 8. Varða [3306-246].....	24
Mynd 9. Varða [3306-247].....	25
Mynd 10. Varða [3306-248].....	26
Mynd 11. Varða [3306-249].....	27
Mynd 12. Varða [3306-250].....	28
Mynd 13. Réttin eins og hún er teiknuð í eldri skráningu á bls. 331.	29
Mynd 14. Undir þessu gróðurþykki leynist grjót og var þar tekinn hnitapunktur. Stór hluti af skráningarsvæðinu er þakinn lúpínugróðri og þéttum birkiskógi.	30

Kortaskrá

Kort 1. Skráningarsvæðið er blái punkturinn á kortinu.....	2
Kort 2. Skráningarsvæðið er innan rauðu línunnar.	7
Kort 3. Yfirlitskort af skráningarsvæðinu og skráðum fornleifum.	14
Kort 4. Uppmældar minjar við Stóruhús.....	17
Kort 5. Vörður og leið rétt utan við svæðið.	22

Inngangur

Að beiðni Odds Hermannssonar, landslagsarkitekts hjá Landformi ehf. fyrir hönd landeigenda Galtarlækjarskógar og Merkiðhvols í Rangárþingi ytra, tók Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags í landi Galtarlækjarskógar og Merkiðhvols. Ætlunin er að byggja þar upp eitt frístundahúsasvæði og rækta skóg í lúpínubreiðurnar nyrst á svæðinu. Rúna K. Tetzschner og Hulda Björk Krasniqi skráðu minjar á vettvangi. Skráningin fékk verknúmerið 3306 hjá Minjastofnun Íslands.

Mestallt svæðið er afar ógreiðfært og erfitt að komast að fyrir þéttvöxnum skógi og lúpínugróðri. Á svæðinu fundust þó tóftir af útihúsum frá Galtalæk, vörður og gömul leið.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningu, heimilda- og vettvangskonun, ásamt úrvinnslu og skýrslugerð og sáu skýrsluhöfundar um vinnuna.

Fornleifaskráning

Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra fór fram árin 2008–2020 og tók hún meðal annars til jarðanna Galtalækjar og Markar eða Merkiðhvols.¹ Ekki hafa áður verið skráðar fornleifar á þessum jörðum vegna deiliskipulags. Gengið var skipulega um skráningarsvæðið og leitað að minjum eins og krafist er samkvæmt nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands. Vegna þéttvaxins birkiskógar og lúpínu er svæðið þó mjög erfitt yfirferðar og í raun illmögulegt að komast þar um til að leita minja.


Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið nær yfir norðaustasta hluta hinnar fornu jarðar Galtalækjar og syðsta hluta jarðarinnar Merkiðhvols eða Markar en þetta landssvæði er nú í eigu sömu aðila.² Það

¹ Ágústa Edwald, Sigríður Þorgeirsdóttir og Rúnar Leifsson, 2008; Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2020.

² Vinjar ehf. keyptu Galtarlækjarskóg, 2022.

afmarkast af Landvegi að norðvestan og Ytri-Rangá að suðaustan, syðst liggja mörkin meðfram Markalænu en að norðaustan við gaddavírsgirðingu austan gamals akstursslóða sem nefnist Hekluslóð. Suðvestan megin er Galtarlækjarskógur og liggja mörkin þeim megin meðfram skjólbelti trjáa.



Kort 2. Skráningarsvæðið er innan rauðu línunnar.

Samkvæmt örnefnalýsingu Ingólfs Einarssonar er skógurinn á svæðinu gamall: „Um og yfir kílómetra austur frá Galtarlækjarbæ er stór gróðurtorfa, vaxin nokkuð efnilegum birkiskógi, og heitir Dráttur. Eldri menn, Ingvar Árnason á Bjalla og Magnús Jónsson á Hellum, hafa sagt mér, og bera einkum Guðmund heitinn Árnason í Múla (bróður Ingvars) fyrir því, að eldra nafn sé Árdráttur. [...] Mestur hluti Dráttar er í landi Galtarlækjar, en austurtögl hans í landi Merkihvols. Austan með þeim hluta Dráttar, sem er í Galtarlækjarlandi, rennur lítill lækur, sem ræður mörkum Galtarlækjar og Merkihvols svo langt sem hann nær; upptök hans nefnast Innri-Lænubotn eða Markabotn. Að minnsta kosti næst upptökum heitir smálækur þessi Markalæna en ekki er ljóst hvort hann heitir því nafni alla leið til Rangár, eða aðeins Læna. Upptök Lænu

heita Lænubotn [...]“.³ Nafnið Galtarlækjarskógur festist síðan við skógarreitinn meðan hann var í eigu Bindindishreyfingarinnar sem kom þar upp tjaldsvæði.⁴

Austast í svæðinu, næst Rangá, er landið einnig vaxið skógi eða eins og segir í örnefnalýsingu Merkiðvols: „Framan við Gamla-Merkiðvol eru tvær skógartorfur, er heita Flatiskógur. Þar á móts við rennur Rangá í þrengslum, sem nefnast Gljúfrin.“⁵ Við Flataskóg er nú afgirt sumarbústaðabyggð.

Í gömlu skógarreitunum, Flataskógi og Árdreitti, er nú mjög gróskumikill og þéttur birkiskógur með hæðottu graslendi í hinu gamla tjaldsvæði Galtarlækjarskógar. Þar eru leifar ýmissa ungra mannvirkja frá tímum útihátíða bindindishreyfingarinnar.

Nyrst og austast á skráningarsvæðinu var til skamms tíma allt að blása upp en nú er þar þéttgróin hávaxin lúpína.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

³ Ö-Galtalækur IE, 6-7.

⁴ Ö-Galtalækur IE, 6; Seldu Galtarlækjarskóg í fjárkröggum, 2007.

⁵ Ö-Merkiðvoll, 1.

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

◀ ▶ 🔑

242, Beitarhús og hlaða, Arkeologiska object

Attributes

Text

Relations

Geo Objects

Documents

Events

Attribute	Value
Id	242
Name	Beitarhús og hlaða
Class	Arkeologiska object
eldra_minj_id	RA-468:042
minj_id	3306-242
verkefna nr	3306
sérheiti	Stóru hús
bæjarnafn	Galtarlækur
jarðatal Johnsen	438
minjaheild	búsetuminjar
tegund	tóft
efni	torf og grjót
lengd	23.8 meter
breidd	6.8 meter
veggjahæð frá	1 m
veggjahæð til	2.5 m
breidd veggjar	2 m
umhverfi	garðlönd og tún
aldur frá	1900
aldur til	1930
skráning	RKT-HBK-RT
heimsótt	26.07.2024
Horfin	Nei
horfin_astæða	<None>
hættumat	Mikil hætta
hættuorsök	Vegna ábúðar
ástand	vel qreinanlegar
minjagildi	mjög mikið
verkefni	Fornleifaskráning vegna deiliskipulags
Friðað	Friðað
Hlutverk	beitarhús

Mynd 1. Skráningarform í Bláskógabyggð á Suðurlandi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrir en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir Galtarlækjarskóg og Merkiðvoll. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst, til dæmis Stóruhús „[3306-241] og [3306-242]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur heimild á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan

hornklofa er númer Minjastofnunar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Rangárþingi ytra.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um þær. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis fjárskýli [3306-243].

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á leiðinni sem var skráð og hún mæld upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og færð inn í landupplýsingagrunn Bláskógabyggðar. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Við skráningu er ávallt greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman


að mást í burtu fyrir áhrif loftslags eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa tvær fornleifar horfið.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögum að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

Fornleifar á svæðinu



Kort 3. Yfirlitskort af skráningarsvæðinu og skráðum fornleifum.

Galtalækjaskógur og Merkiðhvoll

Galtalækur

Á Galtalæk er fyrst minnst í máldaga Skarðskirkju árið 1332 þar sem kemur fram að jörðin greiðir tíund til kirkjunnar.⁶ Við jarðaskráningu Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1709 var hún metin 30 hundruð, í bændaeign og ábúendur tveir leiguliðar. Jörðinni fylgdi hjáleigan Stampur.⁷ Í *Jarðatali* Johnsen árið 1847 er Galtalækur áfram 30 hundruð en aðeins einn ábúandi og hjáleigan hefur lagst af.⁸ „Galtalækur er nú efsti bær í Landsveit og hefur um langan aldur verið talin með landmeiri jörðum þar, alls um 1695 ha, til mestra muna Þjórásárhraun.“ Einungis um einn fjórði jarðarinnar hefur þó verið grasi gróinn frá fornu fari en hinn hlutinn er uppblásið hraun. Nú er þar tvíþýli eins og fyrrum en Galtalækur II var byggður árið 1978.⁹

Kringum hið forna bæjarstæði Galtalækjar eru allmargar minjar en Galtalækjarskógur nær einungis yfir svæði utan þess, austast á jörðinni. Hann var um nokkurra áratuga skeið í eigu Bindindishreyfingarinnar, sem kom þar upp tjaldstæði og stóð fyrir útihátíðum árin 1968–2006.¹⁰

Merkiðhvoll – Mörk

Merkiðhvoll hefur legið að jörðunum Galtalæk og Mörk að vestan og hefur ef til vill verið lagður undir hina síðarnefndu eftir að hann fór úr byggð. Mörk kemur fyrir í máldögum árin 1332 og 1387, þar er greint frá bænhusi.¹¹ Einnig er minnst á jörðina í fornbréfi árið 1475, hún þá talin 60 hundruð og bæjarstæðið staðsett þar sem Fornamörk var áður en heimildin þykir ótraust.¹² Samkvæmt *Jarðabók* Árna og Páls árið 1708 er Mörk einungis 10 hundruð og

⁶ *Íslenzkt fornbréfasafn*, II 1893, 696.

⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, I, 1913–1917, 285–286.

⁸ Johnsen, 1847, 46.

⁹ *Sunnlenskar byggðir*, V, 1987, 157.

¹⁰ Bindindismótið á Galtalæk: Hátíðardagskrá í tilefni af 20 ára afmæli mótsins, 1987, 9; Seldu Galtalækjarskóg í fjárkröggum, 2007.

¹¹ *Íslenzkt fornbréfasafn*, II 1893, 695; *Íslenzkt fornbréfasafn*, III, 1896, 406; Ágústa Edwald, Sigríður Þorgeirsdóttir og Rúnar Leifsson, 2008, nr. RA-469:002.

¹² *Íslenzkt fornbréfasafn*, V, 1899–1902, 795.

Merkiðvoll, 5 hundruð, er nefndur í fyrsta sinn og er í byggð. Báðar jarðir eru í bændaeign. Í *Jarðabókinni* er vitnað í frásagnir um að bænhús hafi verið á Merkiðvoli að fornu.¹³ Þegar *Jarðatal* Johnsens var tekið árið 1847 er Mörk áfram 10 hundruð; Merkiðvoll er dottinn út en tekið fram að hann sé talinn upp í fyrri jarðabókum.¹⁴ Jörðin Mörk fór í eyði árið 1894 eða 1895.¹⁵

Á jörðinni eru friðlýstar minjar sem settar eru undir Galtalæk í friðlýsingaskrá: „Merkiðvols-rústir hinar fornu. Þær eru um 4,3 km. landnorður frá bænum, við veginn upp með Rangá ytri að vestan. Sbr. Fjórðungsbl. 57 s.v.92 Skjal undirritað af MÞ 20.04.1927. Þinglýst 11.06.1927.“¹⁶

Vestasti hluti Merkiðvols er nú innan landsvæðisins Galtarlækjarskógar og Merkiðvols í eigu hluthafafélagsins Vinja sem hyggst byggja upp útivistarsvæði að nýju.¹⁷


¹³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, I, 1913–1917, 280-281, 284-85.

¹⁴ Johnsen, 1947, 46.

¹⁵ Ágústa Edwald, Sigríður Þorgeirsdóttir og Rúnar Leifsson, 2008, nr. RA-469, RA-469:001.

¹⁶ *Skrá um friðlýstar fornleifar með viðbótum*, 1990, 53; Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Stefán Ólafsson, 2015, 58.

¹⁷ Vinjar ehf. keyptu Galtarlækjarskóg, 2022.



Kort 4. Uppmældar minjar við Stóruhús.

Stóruhús [3306-241] og [3306-242] beitarhús með hlöðu

Í örnefnalýsingu segir: „Norðvestan við Brík er stórt svæði skóglaut, og stendur þar fjárhús og hlaða. Hér voru áður hýstir sauðir, og voru þá húsin nefnd Stóruhús (129).“¹⁸

Innan gamla tjaldsvæðisins í Galtarlækjarskógi er stór tóftarhóll, með tveimur tóftum. Þær snúa báðar til norðvestur-suðaustur. Tóftirnar eru á grasi vöxnu túni og allt í kring er þéttvaxinn skógur. Skógurinn er í um 70 m fjarlægð til austurs frá tóftunum, þar sem hann er þeim næstur. Austan við tóftirnar (í um 8 m fjarlægð) er malarvegur og enn lengra til austurs sjást leifar af leikvelli. Mesta hæð tóftarhólsins er um 3 m að utanverðu. Hlaðnir veggirnir eru bæði úr torfi og grjóti (sumt tilhöggvið). Stakir steinar sjást hér og þar utan við tóftirnar.

¹⁸ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2020, nr. RA-468:042.



Mynd 2. Stóruhús, Galtalækur. Loftmynd af hlöðu [3306-241] og beitarhúsi [3306-242].

Minni tóftin [241] liggur lægra á hólnum og er staðsett fyrir framan stærri tóftina [242], aðeins lengra til norðvesturs. Hún er 11,6x6,5 m að stærð (innanmál um 8,9x2,9 m). Op er nokkuð fyrir miðju á norðvesturhlið hennar. Veggirnir eru 1-2,5 m háir og 1,5-2 m breiðir. Greina má að minnsta kosti 7 umför af steinhleðslu að innanverðu. Í eldri skráningu segir að meðfram austur- og vesturvegg séu 0,3 m háar grjóthlaðnar jötur, með einu umfari.¹⁹ Tóftin er meira gróin grasi í dag og erfitt er að greina jöturnar.

¹⁹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2020, nr. RA-468:042.



Mynd 3. Stóruhús. Horft til norðausturs á hlaðinn vegg með tilhöggnu grjóti í fremra hólfi beitarhússins [3306-242]. Ofan á eru bárujárnsleifar.

Stærri tóftin [242] stendur hærra á hólnum. Hún er ílöng, um 24x9,8 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Veggirnir eru 1-2,5 m háir og 1,5-2 m breiðir. Að innanverðu í fremri tóftinni sjást að minnsta kosti 5 umför af hleðslugrjóti í veggjunum, en 7 umför að innanverðu í þeirri aftari. Op er á miðri norðvesturhliðinni á fremra hólfinu. Innanmál fremra hólsins er um 14,3x3,2 m. Ryðgaðar bárujárnsleifar eru sjáanlegar ofan á norðurveggnum. Aftara hólfid er hlaða og innanmál hennar um 7,20x6,3 m. Gólfid í þessu hólfi liggur aðeins lægra. Í eldri skráningu kemur fram að bárujárnsþak hafi verið yfir allri tóftinni og að meðfram henni sé

uppsöfnun mannvistarlaga á tveimur stöðum.²⁰ Tóftirnar hafa bæði mikið minjagildi og upplifunargildi.



Mynd 4. Rotpró þar sem áður gæti hafa verið fjárskýli [3306-243].

Fjárborg [3306-243] heimild

Í eldri skráningu á fornleifum er vitnað í frásagnir heimildarmanns að nafni Sveinn Sigurjónsson. Hann sagðist muna eftir fjárborg í Galtarlækjarskógi. Samkvæmt honum var hún staðsett á gamla tjaldsvæðinu og ummerki um hana að finna þar sem salernisaðstaðan var, eða upp á lágum hól. Fjárborgina sagði hann vera í um 1,2 km fjarlægð frá Gamla-Galtalæk eða um 60 m frá beitarshúsinu [3306-242]. Hún fannst þó hvorki nú, né við fyrri skráningu og gæti mögulega hafa skemmst við framkvæmdir.²¹ Miðað við lýsingu Sveins og skráninguna hefur fjárskýlið verið staðsett þar sem nú er rotpró (um 6,1x4,3 m á stærð) fast við grunnana þar sem salernin stóðu. Salernishúsin hafa verið rifin en grunnarnir eru greinilegir og liggja þar hvít leirbrot af klósettum. Ekkert er hins vegar sýnilegt af fjárskýlinu. Rotpróin er staðsett í um 54 m til suðausturs frá beitarhúsinu [3306-242]. Það er hugsanlegt að tóft [3306-244] sé leifar af fjárborginni, hún er svipað langt frá beitarhúsinu.

²⁰ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2020, nr. RA-468:042.

²¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2020, nr. RA-468:049; sjá einnig Minjavefsjá.




Mynd 5. Drónamynd af áður óþekktri tóft [3306-244].

Óþekkt [3306-244] tóft

Tóft stendur á um 2 m hárrí náttúrulegri hæð um 31 m til norðausturs frá tóft [3306-242] og austan megin við veginn. Hún er mjög gróin grasi, sokkin og ógreinileg en það virðast vera að minnsta kosti þrjú hól í henni. Ekkert grjótt er sjáanlegt en undirlagið er hart. Veggir hennar eru 0,1-0,3 m háir og 0,7-1 m breiðir. Garður eða veggur virðist vera utan við tóftina, austan- og sunnanvert; hann er 0,2-0,5 m á hæð. Þennan vegg mætti líka túlka sem hluta af tóftinni. Timburleifar sjást utan í hæðinni þeim megin sem garðlagið er, en eru auglýsilega frá seinni tíma mannvirkjum. Tóftin er líklega gömul og hefur því mikið minjagildi en lítið upplifunargildi vegna þess hve ógreinileg hún er.



Mynd 6. Drónamynd af minjum í Galtarlækjarskógi.



Kort 5. Vörður og leið rétt utan við svæðið.



Mynd 7. Varða [3306-245].

Varða [3306-245] samgöngubót

Varða stendur ofan á stórum og flötum steini sem stendur upp úr sendnum jarðveginum. Þétt umhverfis vörðuna er mikill lúpínugróður. Varðan er 1,9 m há og mesta þvermál hennar 0,7 m; hún er hlaðin úr hraunhellum og hefur átta umför af grjóti. Hún er hluti af vörðuröð en þarna standa fleiri vörður meðfram gamalli leið [3306-252], meðal annars vörður [3306-246] og [3306-247]. Varðan hefur verið vegvísir við leiðina. Hún hefur bæði töluvert minjagildi og upplifunargildi.



Mynd 8. Varða [3306-246].

Varða [3306-246] samgöngubót

Næsta varða liggur líka ofan á flatrí grjóthellu. Lúpínugróður er að nálgast hana. Hæð hennar er 1,3 m og mesta þvermál 0,8 m. Hún hefur 5 umför af grjóti. Hún er hluti af vörðuröð en fleiri vörður varða leiðina [3306-252], til dæmis vörður [3306-245] og [3306-247]. Augljóst er að varðan er vegvísir. Hún hefur bæði töluvert minjagildi og upplifunargildi.



Mynd 9. Varða [3306-247].

Varða [3306-247] samgöngubót

Heil varða liggur ofan á stórra hraunhelli, sem stendur upp úr uppblásnum jarðvegi. Lúpína er farin að vaxa allt í kringum hana. Varðan er 1,7 m há og hlaðin úr hraunhellum. Mesta þvermál hennar er 0,6 m. Hún hefur 9 umför af grjóti. Hún er hluti af vörðuröð við leið [3306-252] en fleiri vörður standa meðfram henni, til dæmis vörður [3306-245] og [3306-246].

Varðan hefur verið vegvísir við leiðina. Hún hefur bæði töluvert minjagildi og upplifunargildi.



Mynd 10. Varða [3306-248].

Varða [3306-248] samgöngubót

Vörðubrot er ofan á grjóti. Umhverfis er sandkenndur og uppblásinn jarðvegur, mosi og lúpínugróður hér og þar. Varðan eða vörðubrotið er 0,7 m að hæð og mesta þvermál þess 0,7 m. Hún er nálægt röð af vörðum [3306-245], [3306-246] og [3306-247] sem standa meðfram leið [3306-252] en sker sig úr þar sem hún tekur aðra stefnu og er ekki hlaðin við leiðina. Ólíkt veglegu leiðarvörðunum er þetta lítilfjörlegt brot sem hefur takmarkað minjagildi.

Leið [3306-252] gata

Gata liggur frá suðvestri til norðausturs meðfram vörðum [3306-245], [3306-246] og [3306-247] og fyrir ofan og norðan við Galtarlækjarskóg. Leiðin liggur gegnum uppblásinn jarðveg og lúpínugróður, sjá kort 5 á bls. 22. Hún hefur lítið minjagildi nema í samhengi við vörðurnar og sést lítið til hennar á vettvangi eða á loftmynd.



Mynd 11. Varða [3306-249].

Varða [3306-249] óþekkt

Fallin varða stendur á stórri mosavaxinni steinhellu. Umhverfis hana er gróið lúpínu. Hún er hlaðin úr hraungrjóti og er 0,5 m að hæð en mesta þvermál 0,6 m. Hún hefur 2-3 umför af grjóti. Hún er um 30 m norðaustan við girðingu sem afmarkar Galtarlækjarskóg. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún er hlaðin en í eldri skráningu er talið ólíklegt að þetta sé markavarða: „Hún virðist ekki geta verið landamerkjavarða á merkjum eins og þau eru skilgreind 1803 [...] því

hún er ekki í línunni á milli Markavörðu“ var staðsett norðar, „og efri Smálækjarbotns (er um 150 m suðaustan við hana).“²² Varðan hefur nokkurt minja- og upplifunargildi.



Mynd 12. Varða [3306-250].


Varða [3306-250] kennimark

Einfalt vörðubrot eða fallin varða liggur ofan á úfnum grasfleti. Það er 0,2 m að hæð og mesta þvermál 1,1 m. Hún hefur 1-2 umför af grjóti. Þetta er líklega kennimark sem hefur vísað á rétt [3306-251] eða verið við leið og vísað á það við Rangá þarna rétt hjá. Varðan hefur nokkurt minjagildi en lítið upplifunargildi.

²² Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2020, nr. RA-468:069 og RA-468:056; sjá einnig Minjavefsjá.

Rétt [3306-251] heimild

Þegar fornleifar voru skráðar á staðnum árið 2007 fannst tóft einfaldrar réttar við bakka Rangár, rétt hjá fossum í gljúfrunum: „Hlaðin rétt er við bakka Rangár um 520 m suður af Kvíahellu 021. Réttin er í grónu hrauni við bakka Rangár, umhverfis vex mosi, kjarr, lyng og gras. Skammt norðaustar er fyrirhuguð sumarbústaðabyggð. Réttin er eitt hólf 13 x 7 m NA-SV og opnast til SV. Hleðslur eru úr miðlungsstóru hraungrýti, um 3-4 umför og 1,4 m á hæð. Réttin er full af áfoki, sem er í dag algróið.“²³



Mynd 13. Réttin eins og hún er teiknuð í eldri skráningu á bls. 331.

Núna er svæðið þéttgróið birki og lúpínu og réttin er alveg horfin. Hún fannst ekki á vettvangi þrátt fyrir mikla leit en hnitapunktur var mældur af mögulegri staðsetningu þar sem glitti mögulega í grjóthleðslu undir þéttvöxnum birkigróðri. Ekki var hægt að sjá hvort um væri að ræða manngerða hleðslu eða náttúrulegt grjóthröngl en punkturinn passar við staðsetningu eldri skráningar.

²³ Ágústa Edwald, Sigríður Þorgeirsdóttir og Rúnar Leifsson, 2008, nr. RA-469:012.



Mynd 14. Undir þessu gróðurþykkni leynist grjót og var þar tekinn hnitapunktur fyrir mögulega staðsetningu á [3306-251]. Stór hluti af skráningarsvæðinu er þakinn lúpínugróðri og þéttum birkiskógi.

Minja id	Tegund	Hlutverk	Heiti jarðar	Hættumat
[3306-241]	Tóft	Beitarhús	Galtalækur	Ekki hætta vegna deiliskipulags
[3306-242]	Tóft	Beitarhús	Galtalækur	Ekki hætta vegna deiliskipulags
[3306-243]	Heimild	Fjárborg	Galtalækur	Ekki hætta vegna deiliskipulags
[3306-244]	Tóft	Óþekkt	Galtalækur	Ekki hætta vegna deiliskipulags
[3306-245]	Varða	Samgöngubót	Merkiðvoll - Mörk	Engin hætta, er utan svæðis
[3306-246]	Varða	Samgöngubót	Merkiðvoll - Mörk	Engin hætta, er utan svæðis
[3306-247]	Varða	Samgöngubót	Merkiðvoll - Mörk	Engin hætta, er utan svæðis
[3306-248]	Varða	Samgöngubót	Merkiðvoll - Mörk	Engin hætta, er utan svæðis
[3306-249]	Varða	Óþekkt	Merkiðvoll - Mörk	Engin hætta, er utan svæðis
[3306-250]	Varða	Kennimark	Merkiðvoll - Mörk	Mikil hætta vegna skógræktar
[3306-251]	Heimild	Rétt	Merkiðvoll - Mörk	Mikil hætta vegna skógræktar
[3306-252]	Gata	Samgöngubót	Merkiðvoll - Mörk	Engin hætta, er utan svæðis

Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu voru skráðar 12 fornleifar. Níu eru sýnilegar á vettvangi en tvær horfnar. Í Galtarlækjarskógi voru tóftir af beitarhúsum ásamt hlöðu, [3306-241] og [3306-242], og sokkin tóft [3306-244] sem líklega er eldri. Mögulega hefur þarna verið fjárborg en það er þó óvíst. Samkvæmt heimildamanni við fyrri skráningu var fjárborg [3306-243] staðsett sunnar en þar sjást engar minjar.

Skráðar voru sex vörður með mismunandi hlutverk, þar á meðal vörðuröð, [3306-245], [3306-246] og [3306-247], við gamla leið [3306-252]. Þessar þrjár vörður eru veglegar og hafa mikið minjagildi en leiðin minna. Vörðubrot [3306-248] var einnig skammt frá leiðinni en hefur lítið minjagildi. Fimmta varðan [3306-249] á svæðinu er lítil um sig og óljóst hvert hlutverk hennar var en hún hefur nokkurt minjagildi. Sjötta varðan [3306-250] er einungis brot með lítið minjagildi. Hún hefur líklega verið kennimark fyrir rétt [3306-251] sem var sýnileg við fornleifaskráningu fyrir sextán árum en er nú horfin í gróðurþykkníð á svæðinu. Mestallt svæðið er mjög ógreiðfært vegna þéttvaxins skógar og lúpínugróðurs.

Samkvæmt lögum um menningarminjar njóta fornleifar friðhelgi og skal gera ráð fyrir 15 m fjarlægðarmörkum við þekktar minjar.²⁴ Þetta þarf að hafa í huga við framkvæmdir á svæðinu Galtarlækjarskógi og Merkiðvoll.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.²⁵

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki

²⁴ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 22. gr.

²⁵ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 38. gr.

landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“²⁶

²⁶ Lög um menningarminjar nr. 80, 2012, 21. gr.

Heimildir

Ágústa Edwald, Sigríður Þorgeirsdóttir og Rúnar Leifsson. (2008). Fornleifaskráning í Rangárþingi ytra (áfangaskýrsla I, FS379-06191). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Stefán Ólafsson. (2015). *Friðlýstar minjar á Suðurlandi: Skráningarátak*. (FS570-14171). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands og Minjastofnun Íslands.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. (2020). *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra* (áfangaskýrsla IV, II. bindi, FS634-06194). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Bindindismótið á Galtalæk: Hátíðardagskrá í tilefni af 20 ára afmæli mótsins. (30. júlí 1987). *Tíminn*, bls. 9.

Íslenzkt fornbréfasafn, II. (1893). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn, III. (1896). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn, V. (1899–1902). Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (I). (1913–1917). Kaupmannahöfn: Hið Íslenska fræðafjelag.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar nr. 80. (2012, 29. júní). Sótt 1. ágúst 2024 á: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>.

Minjavefsjá. Sótt 1. júlí 2024 á: <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>.

Seldu Galtarlækjarskóg í fjárkröggum. (27. júlí 2007). Sótt 27. júlí 2022 á: <https://www.visir.is/g/2007404805d/seldu-galtalækjarskog-i-fjarkroggum>.

Skrá um friðlýstar fornleifar með viðbótum. (Fyrsta útgáfa 1990). Sótt 1. ágúst 2024 á: [fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf](https://minjastofnun.is/fridlysingaskra-med-vidbotum.pdf) (minjastofnun.is).

Sunnlenskar byggðir, V. (1987). Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.


Vinjar ehf. keyptu Galtarlækjarskóg. (4. júní 2022). Viðtal Guðna Einarssonar við Skúla K. Skúlason, talsmann Vinja ehf. Sótt 27. júlí 2024 á:

https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?redirect=%2Fmogginn%2Fbladid%2Fgrein%2F1810743%2F%3Ft%3D348206607&page_name=grein&grein_id=1810743.

Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Galtalækur IE: Örnefnalýsing Galtalækjar. (1968). Ingólfur Einarsson skráði eftir flugmyndum og Magnúsi Magnússyni (f. 14. ágúst 1909 í Látalæti) sem bjó á Galtalæk 1911-1945 og systrunum Ragnheiði (f. 10. júní 1914) og Svanlaugu (f. 4. maí 1917) Finnbogadætrum, sem báðar voru fæddar og uppaldar á Galtalæk, en fluttu þaðan 1945.

Ö-Merkiðhvoll: Örnefnalýsing Merkiðhvols. [Ekkert ártal]. Magnús Víglundur Finnbogason skráði.




○ Mældar minjar
— Skráningarsvæði

0 200 400 600 m



Antikva ehf

Minjar við austurhluta skráningsvæðis



- Skráningsvæði
- Mæld leið
- Mældar minjar

Mældar minjar við Stóruhús



■ Mældar minjar



Antikva ehf

Nr.	3306-241	Bæjarnafn	Galtalækur	Gömul nr.	RA-468:042	Jarðatalsnr.	438	
Svæði		Sveitafélag	Rangárþing Ytra	Dagur	26.07.2024	Skráning	HBK,RKT,	
Tegund	tóft	Hlutverk	Óþekkt	Flokkur	búsetuminjar			
Sérheiti	Stóruhús	Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v. deiliskipulags			
Ástand	vel greinanlegar	Hættumat	engin hætta	Hættuorsök				
Aldur	1850-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða				
Efni	torf og grjót		Umhverfi	garðlönd og tún				
Lengd	11,6	Breidd	6,5	Hæð				
Veggjahæð frá		1	Veggjahæð til		2.5	Breidd veggjar		1,7
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3306			
Isnet E	454694,1890	Isnet N	389752,4280	Heimildir	Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla IV 2020:148			
Minjagildi	mjög mikið			Örnefnaskrá	Ö-Galtalækur IE, 9			
Ljósmyndari	HBK	Mótvægisaðgerðir	Ekki hætta vegna deiliskipulags					



Minni tóftin [241] liggur lægra á hólnum og er staðsett fyrir framan stærri tóftina [242], aðeins lengra til norðvesturs. Hún er 11,6x6,5 m að stærð (innanmál um 8,9x2,9 m). Op er nokkuð fyrir miðju á norðvesturhlið hennar. Veggirnir eru 1-2,5 m háir og 1,5-2 m breiðir. Greina má að minnsta kosti 7 umför af steinhleðslu að innanverðu. Í eldri skráningu segir að meðfram austur- og vesturvegg séu 0,3 m háar grjóthlaðnar jötur, með einu umfari. Tóftin er meira gróin grasi í dag og erfitt er að greina jöturnar.

Nr.	3306-242	Bæjarnafn	Galtalækur	Gömul nr.	RA-468:042	Jarðatalsnr.	438
Svæði		Sveitafélag	Rangárþing Ytra	Dagur	26.07.2024	Skráning	HBK,RKT,
Tegund	tóft	Hlutverk	beitarhús og hlaða	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti	Stóruhús	Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v. deiliskipulags		

Ástand	vel greinanlegar	Hættumat	engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1900-1930	Horfin	nei	Horfin ástæða			
Efni	torf og grjót		Umhverfi	garðlönd og tún			
Lengd	23,8	Breidd	9,8	Hæð		Hleðslu umferð	minnst fimm umferðir
Veggjahæð frá	1	Veggjahæð til	2.5	Breidd veggjar	2		
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3306		
Isnet E	454715,3360	Isnet N	389742,011	Heimildir	Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla IV 2020:148		
Minjagildi	mjög mikið		Örnefnaskrá	Ö-Galtalækur IE, 9			
Ljósmyndari	HBK	Mótvægisaðgerðir	Ekki hætta vegna deiliskipulags				



Stærri tóftin [242] stendur hærra á hólnum. Hún er ílöng, um 24x9,8 m að stærð og skiptist í tvö hól. Veggirnir eru 1-2,5 m háir og 1,5-2 m breiðir. Að innanverðu í fremri tóftinni sjást að minnsta kosti 5 umför af hleðslugrjóti í veggjunum, en 7 umför að innanverðu í þeirri aftari. Op er á miðri norðvesturhliðinni á fremra hólfinu. Innanmál fremra hólsins er um 14,3x3,2 m. Ryðgaðar bárujárnsleifar eru sjáanlegar ofan á norðurveggnum. Aftara hólfið er hlaða og innanmál hennar um 7,20x6,3 m. Gólfið í þessu hólfi liggur aðeins lægra. Í eldri skráningu kemur fram að bárujárnsþak hafi verið yfir allri tóftinni og að meðfram henni sé uppsöfnun mannvistarlaga á tveimur stöðum

Nr.	3306-243	Bæjarnafn	Galtalækur	Gömul nr.	RA-468:042	Jarðatalsnr.	438
Svæði		Sveitafélag	Rangárþing Ytra	Dagur	26.07.2024	Skráning	HBK,RKT,
Tegund	heimild	Hlutverk	fjárborg	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v. deiliskipulags		

Ástand	ekki sést til minja	Hættumat	engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1700-1900	Horfin	Ja	Horfin ástæða	ekki vitað		
Efni	annað		Umhverfi	garðlönd og tún			
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá		Veggjahæð til		Breidd veggjar			
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3306		
Isnet E	454764,3850	Isnet N	389704,614	Heimildir			
Minjagildi	ekki metið		Örnefnaskrá				
Ljósmyndari	Loftmynd	Mótvægisaðgerðir	Ekki hætta vegna deiliskipulags				



Í eldri skráningu á fornleifum er vitnað í frásagnir heimildarmanns að nafni Sveinn Sigurjónsson. Hann sagðist muna eftir fjárborg í Galtalækjarskógi. Samkvæmt honum var hún staðsett á gamla tjaldsvæðinu og ummerki um hana að finna þar sem salernisaðstaðan var, eða uppá lágum hól. Fjárborgina sagði hann vera í um 1,2 km fjarlægð frá Gamla-Galtalæk eða um 60 m frá beitarshúsinu [3306-242]. Hún fannst þó hvorki nú né við fyrri skráningu og gæti mögulega hafa skemmst við framkvæmdir. Miðað við lýsingu Sveins og skráninguna hefur fjárskýlið verið staðsett þar sem nú er rotþró (um 6,1x4,3 m á stærð) fast við grunnana þar sem salernin stóðu. Salernishúsin hafa verið rifin en grunnarnir eru greinilegir og liggja þar hvít leirbrot af klósettum. Ekkert er hins vegar sýnilegt af fjárskýlinu. Rotþróin er staðsett í um 54 m til suðausturs frá beitarhúsinu [3306-242].

Uppmæling er rotþró en hugsanleg staðsetning á fjárborg

Nr.	3306-244	Bæjarnafn	Galtalækur	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	438
Svæði		Sveitafélag	Rangárþing Ytra	Dagur	26.07.2024	Skráning	HBK,RKT,
Tegund	tóft	Hlutverk	Óþekkt / fjárborg?	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v. deiliskipulags		
Ástand	greinanlegar	Hættumat	engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1700-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	torf og grjót		Umhverfi	garðlönd og tún			
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá	0.1	Veggjahæð til	0.3	Breidd veggjar	0.7		
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3306		
Isnet E	454728,212	Isnet N	389781,918	Heimildir			
Minjagildi	mikið		Örnefnaskrá				
Ljósmyndari	HBK	Mótvægisaðgerðir	Ekki hætta vegna deiliskipulags				



Tóft stendur á um 2 m hárrí náttúrulegri hæð um 31 m til norðausturs frá tóft [3306-242] og austan megin við veginn. Hún er mjög gróin grasi, sokkin og ógreinileg en virðast vera að minnsta kosti þrjú hólfi í henni. Ekkert grjót er sjáanlegt en undirlagið er hart. Veggir hennar eru 0,1-0,3 m háir og 0,7-1 m breiðir. Garður eða veggur virðist vera utan við tóftina, austan- og sunnanvert; hann er 0,2-0,5 m á hæð. Þennan vegg mætti líka túlka sem hluta af tóftinni. Timburleifar sjást utan í hæðinni þeim megin sem garðlagið er en eru augsýnilega frá seinni tíma mannvirkjum. Tóftin er líklega gömul og hefur því mikið minjagildi en lítið upplifunargildi vegna þess hve ógreinileg hún er.

Það er líklegra að þetta séu leifar af fjárborginni.

Nr.	3306-245	Bæjarnafn	Galtalækur	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	438
Svæði		Sveitafélag	Rangárþing Ytra	Dagur	26.07.2024	Skráning	HBK,RKT,
Tegund	varða	Hlutverk	samgöngubót	Flokkur	samgönguminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v. deiliskipulags		
Ástand	heillegar	Hættumat	engi hætta	Hættuorsök			
Aldur	1700	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	grjót	Umhverfi	melar og lúpína				
Lengd		Breidd	0,7	Hæð	1,9	Hleðslu umferð	átta umferðir
Veggjahæð frá		Veggjahæð til	1.9	Breidd veggjar			
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3306		
Isnet E	455374,3379	Isnet N	390239,715	Heimildir			
Minjagildi	mikið	Örnefnaskrá					
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Engin hætta, utan svæðis				



Varða stendur ofan á stórum og flötum steini sem stendur upp úr sendnum jarðveginum. Þétt umhverfis vörðuna er mikill lúpínugróður. Varðan er 1,9 m há og mesta þvermál hennar 0,7 m; hún er hlaðin úr hraunhellum og hefur átta umför af grjóti. Hún er hluti af vörðuröð en þarna standa fleiri vörður meðfram gamalli leið [3306-252], meðal annars vörður [3306-246] og [3306-247]. Varðan hefur verið vegvísir við leiðina. Hún hefur mikið minjagildi.

Nr.	3306-246	Bæjarnafn	Galtalækur	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	438
Svæði		Sveitafélag	Rangárþing Ytra	Dagur	26.07.2024	Skráning	HBK,RKT,
Tegund	varða	Hlutverk	samgöngubót	Flokkur	samgönguminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v. deiliskipulags		
Ástand	heillegar	Hættumat	engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1700	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	grjót	Umhverfi	melar og lúpína				
Lengd		Breidd	0.8	Hæð		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá		Veggjahæð til	1.3	Breidd veggjar	0.8		
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3306		
Isnet E	455425,1570	Isnet N	390287,347	Heimildir			
Minjagildi	mikið	Örnefnaskrá					
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Engin hætta, utan svæðis				



Næsta varða liggur líka ofan á flatrí grjóthellu. Lúpínugróður er að nálgast hana. Hæð hennar er 1,3 m og mesta þvermál 0,8 m. Hún hefur 5 umför af grjóti. Hún er hluti af vörðuröð en fleiri vörður varða leiðina [3306-252], til dæmis vörður [3306-245] og [3306-247]. Augljóst er að varðan er vegvísir. Hún hefur töluvert minjagildi.

Nr.	3306-247	Bæjarnafn	Galtalækur	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	438
Svæði		Sveitafélag	Rangárþing Ytra	Dagur	26.07.2024	Skráning	HBK,RKT,
Tegund	varða	Hlutverk	samgöngubót	Flokkur	samgönguminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v. deiliskipulags		
Ástand	heillegar	Hættumat	engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1700-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	grjót	Umhverfi	melar og lúpína				
Lengd		Breidd	0.6	Hæð		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá		Veggjahæð til	1.7	Breidd veggjar	0.6		
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3306		
Isnet E	455467,06	Isnet N	390352,946	Heimildir			
Minjagildi	mikið	Örnefnaskrá					
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Engin hætta, utan svæðis				



Heil varða liggur ofan á stóri hraunhelli, sem stendur upp úr uppblásnum jarðvegi. Lúpína er farin að vaxa allt í kringum hana. Varðan er 1,7 m há og hlaðin úr hraunhellum. Mesta þvermál hennar er 0,6 m. Hún hefur 9 umför af grjóti. Hún er hluti af vörðuröð en fleiri vörður standa meðfram leið [3306-252], til dæmis vörður [3306-245] og [3306-246]. Varðan hefur verið vegvísir við leiðina.

Nr.	3306-248	Bæjarnafn	Galtalækur	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	438
Svæði		Sveitafélag	Rangárþing Ytra	Dagur	26.07.2024	Skráning	HBK,RKT,
Tegund	varða	Hlutverk	samgöngubót	Flokkur	samgönguminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v. deiliskipulags		

Ástand	greinanlegar	Hættumat	engin hætta	Hættuorsök	
Aldur	900	Horfin	Nei	Horfin ástæða	
Efni	grjót	Umhverfi	melar og lúpína		
Lengd		Breidd		Hæð	
Veggjahæð frá		Veggjahæð til	0.7	Breidd veggjar	0.7
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3306
Isnet E	455504,972	Isnet N	390375,773	Heimildir	
Minjagildi	lítið	Örnefnaskrá			
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Engin hætta, utan svæðis		



Vörðubrot er ofan á grjóti, sem stendur upp. Umhverfis er sandkenndur og upplásinn jarðvegur, mosi og lúpínugróður hér og þar. Varðan eða vörðubrotið er 0,7 m að hæð og mesta þvermál þess 0,7 m. Hún er nálægt röð af vörðum [3306-245], [3306-246] og [3306-247] sem standa meðfram leið [3306-252] en sker sig úr þar sem hún tekur aðra stefnu og er ekki hlaðin við leiðina. Ólíkt veglegu leiðarvörðunum er þetta lítilfjörlegt brot sem hefur takmarkað minjagildi.

Nr.	3306-249	Bæjarnafn	Galtalækur	Gömul nr.	ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	438
Svæði	Flatiskógur	Sveitafélag	Rangárþing Ytra	Dagur	26.07.2024	Skráning	HBK,RKT,
Tegund	varða	Hlutverk	samgöngubót	Flokkur	samgönguminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v. deiliskipulags		
Ástand	greinanlegar	Hættumat	engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	grjót	Umhverfi	melar og lúpína				
Lengd		Breidd	0,6	Hæð		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá	0.5	Veggjahæð til		Breidd veggjar	0.6		
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3306		
Isnet E	455643,544	Isnet N	390253,560	Heimildir			
Minjagildi	nokkurt	Örnefnaskrá					
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Engin hætta, utan svæðis				



Varða stendur á stóri mosavaxinni steinhellu. Umhverfis hana er gróið lúpínu og birki. Hún er hlaðin úr hraungrjóti og er 0,5 m að hæð en mesta þvermál 0,6 m. Hún hefur 2-3 umför af grjóti. Hún er um 30 m norðaustan við girðingu sem afmarkar Galtalækjarskóg. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún er hlaðin en í eldri skráningu er talið ólíklegt að þetta sé markavarða: „Hún virðist ekki geta verið landamerkjavarða á merkjum eins og þau eru skilgreind 1803 [...] því hún er ekki í línunni á milli Markavörðu“ var staðsett norðar, „og efri Smálækjarbotns (er um 150 m suðaustan við hana).“ Varðan hefur nokkurt minjagildi

Nr.	3306-250	Bæjarnafn	Galtalækur	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	438
Svæði		Sveitafélag	Rangárþing Ytra	Dagur	26.07.2024	Skráning	HBK,RKT,
Tegund	varða	Hlutverk	samgöngubót	Flokkur	samgönguminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v. deiliskipulags		

Ástand	greinanlegar fornleifar	Hættumat	mikil hætta	Hættuorsök	Vegna trjáræktar		
Aldur	900-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	grjót	Umhverfi	kjarr- og skóglendi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá		Veggjahæð til	0.2	Breidd veggjar	1.1		
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3306		
Isnet E	455654,784	Isnet N	390082,623	Heimildir			
Minjagildi	lítið	Örnefnaskrá					
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir					



Einfalt vörðubrot liggur ofan á úfnum grasfleti. Það er 0,2 m að hæð og mesta þvermál 1,1 m. Hún hefur 1-2 umför af grjóti. Þetta er líklega kennimark sem hefur vísað á rétt [3306-251]. Varðan hefur nokkurt minjagildi.

Nr.	3306-251	Bæjarnafn	Galtalækur	Gömul nr.	RA-469:012	Jarðatalsnr.	438
Svæði		Sveitafélag	Rangárþing Ytra	Dagur	26.07.2024	Skráning	HBK,RKT,
Tegund	hleðsla	Hlutverk	Rétt	Flokkur	búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v. deiliskipulags		
Ástand	illgreinanlegar	Hættumat	mikil hætta	Hættuorsök	vegna skógræktar		
Aldur	900	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða	vegna skógræktar		
Efni	grjót		Umhverfi	kjarr- og skóglendi			
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá		Veggjahæð til		Breidd veggjar	1		
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3306		
Isnet E	455689,335	Isnet N	390048,054	Heimildir			
Minjagildi	ekki metið		Örnefnaskrá				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Þyrfta að grísjá í kringum hana.				



Þegar fornleifar voru skráðar á staðnum árið 2007 fannst tóft einfaldrar réttar við bakka Rangár, rétt hjá fossum í gljúfrunum: „Hlaðin rétt er við bakka Rangár um 520 m suður af Kvíahellu 021. Réttin er í grónu hrauni við bakka Rangár, umhverfis vex mosi, kjarr, lyng og gras. Skammt norðaustar er fyrirhuguð sumarbústaðabyggð. Réttin er eitt hól 13 x 7 m NA-SV og opnast til SV. Hleðslur eru úr miðlungsstóru hraungrýti, um 3-4 umför og 1,4 m á hæð. Réttin er full af áfoki, sem er í dag algróið. Núna er svæðið þéttgróið birki og lúpínu og réttin er alveg horfin. Hún fannst ekki á vettvangi þrátt fyrir mikla leit en hnitapunktur var mældur af mögulegri staðsetningu þar sem glitti mögulega í grjóthleðslu undir þéttvöxnum birkigróðri. Ekki var hægt að sjá hvort um væri að ræða manngerða hleðslu eða náttúrulegt grjóthröngl en punkturinn passar við staðsetningu eldri skráningar.

Nr.	3306-252	Bæjarnafn	Galtalækur	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	438
Svæði		Sveitafélag	Rangárping Ytra	Dagur	26.07.2024	Skráning	HBK,RKT,RT
Tegund	gata	Hlutverk	leið	Flokkur	samgönguminjar		
Sérheiti		Verndun	friðað	Verkefni	Fornleifaskráning v. deiliskipulags		

Ástand	illgreinanlegar	Hættumat	engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	900-1900	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða	Vegna áfoks		
Efni	Troðningur, slóði		Umhverfi	Uppblásið og lúpínugróður			
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Veggjahæð frá		Veggjahæð til		Breidd veggjar			
Mæling	uppmæling	Túnakort	nei	Verkefna nr MÍ	3306		
Isnet E	455394,81	Isnet N	390282,999	Heimildir			
Minjagildi	lítið		Örnefnaskrá				
Ljósmyndari	Loftmynd	Mótvægisaðgerðir	engin hætta, utan svæðis				



Gata liggur frá suðvestri til norðausturs meðfram vörðum [3306-245], [3306-246] og [3306-247] og fyrir ofan og norðan við Galtalækjarskóg. Leiðin liggur gegnum upplásinn jarðveg og þéttan lúpínugróður. Hún hefur lítið minjagildi nema í samhengi við vörðurnar.